

Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Bragi, Raj, Júlíana, Jónas og Þrándur.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Sjóðstreymi.** Er orðið betra, þar sem reglubundnir styrkir eru farnir að skila sér. Lottótekjur eru að taka við sér.
2. **Ungir og efnilegir.** Helgi er búinn að láta alla nema einn af þeim sem njóta afreksstyrkja í þessum flokki undirrita samninga um þá.
3. **Tékklandsferð.** Ferðin gengur vel og krakkarnir taka framförum. Helgi sér til þess að upplýsingar um framvindu séu sendar á alla stjórnina. Umræða spannst um aðdraganda og val á sínum tíma.
4. **Nefnd um afreksstefnu.** Nefndin beðin um að koma með drög í október. Raj og Jónas boða fund í september.
5. **Íþróttakennaraefni.** Kynning í haust. Raj, Jón Axel og Magnús sjá um kynninguna, en Júlíana sér um samskipti við skólana.
6. **Þróttar- og Fjölismót.** Stefnt að því í lok júlí.
7. **Mót í vetur.** Jónas, Raj, Carola og Anna setja upp drög að skema fyrir mótahald í vetur í Tennishöllinni. TFK hefur fórnað sínum tímum í þetta, en Jónas leggur til að Reykjavíkurfélögin geri það að einhverju leyti líka.
8. **Landsliðsæfingar.** Haldnar í Tennishöllinni í haust. Þátttakendur í meistaramóti skuldbindi sig til að taka landsliðssæti ef það býðst.
9. Takmörkun á þátttöku í mótum. Staðfest að hámark sé þátttaka í þremur einliðaleiksflokkum, en jafnframt lögð áhersla á ábyrgð forráðamanna á að börnin ofreyni sig ekki.
10. **Noregsboð.** Tilboð 4 krakkar og þjálfari til Noregs í 5 daga. Reiknað með að taka þessu og kostnaður TSÍ verði lítill sem enginn þar sem styrkur upp á \$750 er í boði á mann.
11. **Þjálfaramál. Helgi kannar hvort það er líka í boði. Öflugur þjálfari frá ITF leiðbeini þjálfurum hér.**
12. **Grunnskólakynningar.** Raj, Magnús og Jón Axel sjá um þær.

Fundi slitið.